

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. d.	30.11.2016
Mótt. nr.	09.0
Mál nr.	1611278



Anna Guðrún Gylfadóttir
Byggingarfulltrúi
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 28. nóvember 2016
Tilvísun: 201611-0123

Efni: Kvörtun vegna stjórnsýslu Byggingarfulltrúans í Garðabæ vegna iðnmeistaraskipta við framkvæmd að Holtsvegi 37-39.

Mannvirkjastofnun hefur mótttekið meðfylgjandi erindi frá Benedikt Sveinssyni dags. 11. nóvember í tveimur tölvupóstum og athugasemdir frá lögmanni hans, Guðbjarna Eggertssyni hrl. sama dag varðandi iðnmeistaraskipti við framkvæmdir að Holtsvegi 37-39 í Garðabæ.

Í fyrsta tölvupóstinum kom fram að farið hafi fram meistaraskipti fyrir stálvirkjameistara án aðkomu fráfarandi iðnmeistara. Þá hafi ekki farið fram stöðumat og byggingarfulltrúi hafi ekki skráð erindi frá iðnmeistarannum hvað þetta varðaði. Með tölvupóstinum fylgdi afrit af erindi sem hann sendi til embættis yðar þann 25. október sl. varðandi stöðumat á verkum hans við stálvirkjasmíði að Holtsvegi 37-39 þar sem hann lýsir því sem hann telur varhugavert við framkvæmdina og ágreiningi sem hefur staðið milli hans og byggingaraðila. Í seinni tölvupóstinum kom fram að embætti byggingarfulltrúa hafið mótttekið beiðni um meistaraskipti án þess að gera stöðumat. Í póstinum gerði iðnmeistarinn athugasemd við að framkvæmdaraðilinn, Mannverk, hafi borgað aðila fyrir að meta verkþáttinn eins og um stöðumat stjórnsýslu sé að ræða. Í viðhengi er svokölluð verkstöðulýsing vegna meistaraskipta. Verkstöðulýsingin er undirrituð af viðtakandi meistara og einstaklings f.h. byggingastjóra. Verkstöðulýsingin var móttækin af hálfu byggingarfulltrúa 31. október sl. Í tölvupósti frá lögmanni fráfarandi iðnmeistara á verkinu tók hann undir athugasemdir um framkvæmd iðnmeistaraskipta og stöðuúttektar. Þar kom fram að iðnmeistarinn hafi aldrei verið boðaður til úttektar og hún hafi ekki verið undirrituð af honum sbr. m.a. 33. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Þá sé úttektin ekki undirrituð af byggingarstjóra. Lögmaður hans telur vinnubrögðin ámælisverð af hálfu byggingarstjóra eða fulltrúa hans svo og byggingarfulltrúa Garðabæjar. Þar sem þetta hafi farið fram með þessum hætti sé óljóst á hverju fráfarandi iðnmeistari ber ábyrgð og á hverju viðtakandi iðnmeistari ber ábyrgð.



Mannvirkjastofnun hefur yfirfarið erindi iðnmeistarans og metur málið sem svo að hann sé að senda inn ábendingu sbr. 18. gr. mannvirkjalaga þar sem hann telur afgreiðslu byggingarfulltrúa hafi farið í bága við lög.

Samkvæmt því sem í erindi iðnmeistarans er rakið fara nú fram meistaraskipti stálvirkjameistara vegna framkvæmdar að Holtsvegi í Garðabæ. Þá kemur fram að fráfaramandi iðnmeistari hafi ekki verið boðaður til stöðuúttektar í tilefni iðnmeistaraskipta og að byggingarstjóri hafi ekki sjálfur undirritað verkstöðulýsingu. Í 33. gr. laga um mannvirki er fjallað um iðnmeistaraskipti og ber byggingarstjóri ábyrgð á framkvæmd þeirra samkvæmt ákvæðinu. Samkvæmt 1. mgr. skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum ef iðnmeistari hættir umsjón með verkþætti áður en verki er lokið. Þá skal byggingarstjóri tilkynna byggingarfulltrúa um nýjan iðnmeistara. Í 2. mgr. kemur fram að byggingarstjóri skuli sjá til þess að framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfaramandi iðnmeistari ber ábyrgð á og hafði umsjón með verði stöðvaðar þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Byggingarstjóri skal gera úttekt á þeim verkþáttum sem fráfaramandi iðnmeistari hafði umsjón með og skulu bæði fráfaramandi iðnmeistari, ef þess er kostur, og hinn nýji undirrita úttektina. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.

Samkvæmt framansögðu fela lög um mannvirki byggingarstjóra ábyrgð á framkvæmd iðnmeistaraskipta og hann skal sjá til þess að tilkynning um iðnmeistaraskipti og ábyrgðaryfirlýsing nýs iðnmeistara séu afhent leyfisveitanda, þ.e.a.s. byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúa er hins vegar ekki falið sama hlutverk við iðnmeistaraskipti eins og við byggingarstjóraskipti. Samkvæmt 30 gr. skal byggingarfulltrúi gera úttekt á stöðu framkvæmda við byggingarstjóraskipti en ekki er gert ráð fyrir afskiptum byggingarfulltrúa af úttekt við iðnmeistaraskipti skv. 33. gr.

Mannvirkjastofnun telur þrátt fyrir það ástæðu til að benda byggingarfulltrúa á að vafi kann að leika á gildi úttektar á verkþáttum í þessu tilviki í skilningi 33. gr. laga um mannvirki sbr. skjal sem heitir „Verkstöðulýsing – meistaraskipti“ sem er stimplað mótttekið dags. 31. október 2016 hjá byggingarfulltrúa Garðabæ. Ástæður þess eru eftirfarandi að mati Mannvirkjastofnunar:

Í fyrsta lagi leggur byggingarstjóri ekki nafn sitt sjálfur við skjalið, heldur er það undirritað „f.h. byggingarstjóra“. Ákvæði 33. gr. laga um mannvirki leggur tilteknar skyldur á hendur byggingarstjóra í samræmi við ábyrgð og verksvið hans skv. 29. gr. laganna. Við iðnmeistaraskipti áður en verkþætti telst lokið telur Mannvirkjastofnun mikilvægt að byggingarstjóri a.m.k. setji nafn sitt við þá tilkynningu sem um ræðir skv. lögnum, og telur stofnunin að byggingarfulltrúi sem stjórnsýslustofnun sem veitir tilteknum gögnum viðtöku skv. lögum beri að yfirfara lögmæti gagnanna við afhendingu, t.d. með athugun á því hvort þar til bærir aðilar hafi skrifað undir. Skýrt kemur fram í 33. gr. að byggingarstjóri skuli undirrita tilkynningu um iðnmeistaraskipti.



Í öðru lagi kemur fram í málinu að fráfarandi iðnmeistari mótmæli þeirri úttekt sem gerð var við iðnmeistaraskiptin. Skilja ber orðalagið, „ef þess er kostur“ í 2. mgr. 33. gr. þannig að mati Mannvirkjastofnunar að reyna beri á það hvort kostur sé á undirritun fráfarandi iðnmeistara. Byggingarstjóri getur t.d. sýnt fram á það með því að boða fráfarandi iðnmeistara sannanlega til úttektar. Mannvirkjastofnun telur a.m.k. góð vinnubrögð hjá byggingarfulltrúa við mótmæli fráfarandi iðnmeistara að kanna hvort byggingarstjóri hafi farið að 2. mgr. 33. gr. laganna við gerð úttektar.

Mannvirkjastofnun óskar í ljósi 18. gr. eftir gögnum málsins og athugasemdum byggingarfulltrúa, eða upplýsingum um hvort úrbætur hafi verið gerðar varðandi móttöku á tilkynningu um iðnmeistaraskipti stálvirkjameistara í þessu tilviki skv. 33. gr. laga um mannvirki, fyrir 13. desember nk.

Virðingarfyllst
f.h. Mannvirkjastofnunar

Inga Þórey Óskardóttir
Lögfræðingur